



Fjölbrautaskóli Suðurlands
Haustönn 2024

GRTE1FA05 Grunnteikning 1

Kennari	Svanur Ingvarsson	Sk.st.	SI
----------------	--------------------------	---------------	-----------

Áfangalýsing:

Í áfanganum er lögð áhersla á að nemendur öðlist almenna undirstöðuþekkingu og þjálfun í teiknifræðum. Áfanginn skiptist í tvo megin efnisþætti. Í fyrsta efnisþætti er fjallað um fallmyndun og þeim seinni ásmyndun og fríhendingsteikningu. Í áfanganum er gert ráð fyrir að nemendur öðlist færni í meðferð og notkun mæli- og teikniáhalda, myndrænni vinnu með viðfangsefni starfsgreina, lestur teikninga og fái grunnþjálfun í gerð vinnuteikninga og þrívíðra rissteikninga. Áfanginn er undirbúningur fyrir áframhaldandi nám í teiknifræðum og lestri vinnuteikninga.

Undanfari: Enginn

Þekkingarviðmið:

Nemandi skal hafa aflað sér þekkingar og skilnings á:

- Teikniáhöldum og notkun þeirra
- Teiknitáknum og notkun þeirra
- Lestri teikninga

Leikniviðmið:

Nemandi skal hafa öðlast leikni í:

- Meðferð og notkun mæli- og teikniáhalda
- Nákvæmni og vandvirkni
- Lestri teikninga
- Gerð grunnatriða vinnuteikninga
- Gerð fallmynda
- Gerð ásmynda
- Gerð þrívíðra rissteikninga

Hæfniviðmið:

Nemandi skal geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

Velja teikniáhöld, línugerð og tákn til að vinna fallmyndir og þrívíðar myndir samkvæmt fyrirmælum, bæði með teikniáhöldum og fríhendis.

Námsefni:

Grunnteikning 1 (mappa með teikniverkefnum og skýringum)

T-reglustrika – 40 cm.

Teiknihorn – 45° og 60°

Sirkill

Gráðubogi

Blýantar eða blýpennar 0,5 mm eða 2 mm 2H og 4H

Línuveiðari

Áætlun um yfirferð og verkefnaskil:

Merkið hverja teikningu með nafni og dagsetningu með penna. **Skila skal vikuáætlun í lok hvers viku.** Kennari kvittar í viðkomandi reit neðst á hverri teikningu og gefur símatseinkunn í Innu fyrir hverja viku, sem og sérverkefni (skilaverkefni/próf).

Áður en byrjað er á verkefnum og jafnhliða því sem þau eru unnin, er áriðandi að kynna sér skýringarnar sem eru á undan verkefnunum.

Vika	GRTE1FA05 – Verkefni haust 2024	
1. vika 18.- 24. ágúst	Kynning	Kennsla hefst þri 20.
2. vika 25.-31. ágúst	Verkefni: 1-2-3-4-5-6-7	Fallmyndun
3. vika 1.- 7. sept	Verkefni: 8-9-10-11-12-13-14-15	Skilaverkefni 1 - nr. 11
4. vika 8.-14. sept	Verkefni: 16-17-18-19-20-21-22-23	Nýnemaferð 10.

5. vika 15.-21. sept	Verkefni: 24-25-26-27-28-29-30-31-32-33	
6. vika 22.-28. sept	Verkefni: 34-35-36-40-41-42-43-44	
7. vika 29.-5. okt	Verkefni: 45-46-47-48-49-50-51-52	Skilaverkefni 2 - nr. 51
8. vika 6.-12. okt	Verkefni: 53-54-55-56-57-58-59-60	Valdagur 9.
9. vika 13.-19. okt	Verkefni: 61-62-64-65-66-67-68-69	Miðannarmat 17., haustfrí 17.-18.
10. vika 20.-26. okt	Verkefni: 70-71-72-73-74-75-76	
11. vika 27.-2. nóv	Verkefni: 77A-78B-79-80-81-82-83	Skilaverkefni 3 - nr. 81
12. vika 3.-9. nóv	Ásmyndun og fríhendisteikning	
	Verkefni: 1-2-3-4-5	
13. vika 10.-16. nóv	Verkefni: 6-7-8-9	Skilaverkefni 4 - nr. 9
14. vika 17.-23. nóv	Verkefni: 10-11-12-13-14	
15. vika 24.-30. nóv	Verkefni: 15-16-17-18-19	Skilaverkefni 5 - nr. 19
16. vika 1.-7. des	Verkefni: 20-21-22-23	Dimisjón fös 6.
17. vika 8.-14. des	Klára möppu, Síðasti kennsludagur mið 11., námsmat	
18. vika 15.-21. des	Sjúkrapróf 16.,- prófsýning 17.,- brautskráning fös. 20.	
19. vika xx.-xx. xxx		

Sérreglur áfangans:

Til að standast áfangann þarf nemandi að hafa skilað öllum skilaverkefnum /prófum og einnig öllum vikuáætlunum möppunnar.

Fyrirkomulag námsmats: (nákvæmni og vandvirkni vegur þungt)

Námsþáttur	Lýsing á námsmati	Vægi
Mappa	Símat á öllum tilskyldum verkefnum möppunnar	50%
Skilaverkefni	Skilaverkefni og/eða próf af og til alla önnina, sjá áætlun	50%

Kennsluáætlun er sett fram með fyrirvara um breytingar

FSu 14. ágúst 2024

Svanur Ingvarsson